

Alþingi
Erindi nr. P 133/1518
komudagur 7.3.2007



ORKUSTOFNUN
Orkumálasvið

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. mars 2007
Tilvísun: 2007020024
Bréfalykill: 50.11

Efni: Tillögur Orkustofnunar um breytingu á 14. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Athugasemd Orkustofnunar var svohljóðandi: Í 14. gr. gildandi laga mun hafa slæðst inn villa, sem varð að lögum. Þar segir að landeigandi geti nýtt til búsparfa allt að 70 ltr/sek. Öllum þeim sem til þekkja ber saman um að þetta hljóti að vera villa, hafi átt að vera 10 ltr/sek. Slík mörk eru t.d. meira í samræmi við mörk sem sett eru um eftirlitsskyld neysluvatnsnám skv. vatnatilskipun ESB. Því leggur Orkustofnun til að viðeigandi breyting verði gerð á 14. gr. gildandi laga.

Frekari skýringar: Notkun sem er 10 l/s samsvarar 864000 l á sólarhring. Sólarhringsnotkun almennings er um 300 l/dag. Vatnsveita sem gefur 10 ltr/s nægir því vel 2000 íbúa samfélagi. Í 7. gr. Vatnatilskipunar segir: Aðildarríkin skulu tilgreina, innan hvers vatnasviðsáumdæmis

- öll vatnshlot sem eru notuð til neysluvatnstöku sem nemur meira en 10 rúmm. af vatni á dag að meðaltali eða sem sjá fleiri en fimmtíu manns fyrir vatni og

- vatnshlot þar sem slík notkun er fyrirhuguð í framtíðinni

Þar að auki segir að

Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði V. viðauka, vakta þau vatnshlot sem, í samræmi við ákvæði V. viðauka, gefa af sér meira en 100 rúmmetra á dag að meðaltali.

Af ofansögðu er ljóst að mörk við 10 l/s eru nokkuð rúm, og spurning um skilgreiningu á búspörfum, hversu mikil búskapar eða iðnaðarnot skulu vera án þess að leyfi þurfi, en ljóst er að löngu áður en kemur að þessum mörkum mun þessi notkun verða eftirlitsskyld skv. vatnatilskipun.

Vatnshlot er íslenskun á Water body. Það er afmarkað vatnasvæði, stórt eða lítið eftir eðli máls. Grunnvatnskerfi sem stendur á bak við lind eða lindakerfi sem gefur t.d. rúmlega 1 l/s (100 rúmm/dag) er sérstakt vatnshlot og vöktunarskyld.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson